



Þingkosningar fóru fram í Póllandi í gær. Pólverjar búsettir á Íslandi gátu greitt atkvæði í pólska sendiráðinu í Reykjavík og nýttu fjölmargir kosningarétt sinn. Stjórnarflokkurinn Lög og réttlæti heldur völdum samkvæmt útgönguspám. Sjá nánar á síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Undrast tómlæti um Landsrétt

Dómsmálaráðherra hefur enn ekki brugðist við tillögum Dómstólasýslunnar um fjölgun dómara við Landsrétt. Þó að tillagan gæti leyst vanda Landsréttar og sparað ríkissjóði kostnað er hún ekki óumdeild.

**STJÓRNSÝSLA** Tillögu Dómstólasýslunnar um fjölgun dómara við Landsrétt hefur enn ekki verið svarað. Eftir að Landsréttarmálinu var vísað til yfirdeildar Mannréttinda-dómstóls Evrópu fór stofnunin þess á leit við ráðherra að dómurum yrði fjölgað tímabundið til að bregðast við vaxandi málaþunga. Þeim yrði svo fækkað aftur með sólarlags-ákvæði og nýir dómara ekki skipaðir í stað þeirra sem láta af störfum fyrr en réttum fjölda er náð.

„Ég undrast hversu langan tíma það tekur ráðuneytið að taka afstöðu til tillagna sem við lögðum fram fyrst í mars og svo í september,“ segir Benedikt Bogason, formaður Dómstólasýslunnar.

Aðspurð segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra ákvörðun um fjölgun ekki hafa verið tekna. Málastaða dómsins sé enn til skoðunar og dómhald hafi verið skipulagt út árið. Þrettán dómara dæmi nú við réttinn.

Tveir af þeim fjórum dómurum sem ekki hafa sinnt dómstörfum við réttinn frá því dómur MDE féll óskuðu í september eftir leyfi og hafa nýir verið settir tímabundið í þeirra stað.

„Það blasir við að setning tveggja dómara rennur út um áramót og þá gæti fjöldi dómara farið aftur niður í ellefu,“ segir Benedikt. Skipunarferli dómara taki tíma en fyrir liggur að mæla þyrfti fyrir lagabreytingu og

Ég undrast hversu langan tíma það tekur ráðuneytið að taka afstöðu til tillagna sem við lögðum fram fyrst í mars og svo í september.

Benedikt Bogason, dómari við Hæstarétt og stjórnarformaður dómstólasýslunnar



auglýsa embættin með hæfilegum umsóknarfresti auk þess sem hæfisnefnd þyrfti ráðrúm til að meta umsækjendur og ráðherra til að skipa.

Bent hefur verið á að leiðin, sem Dómstólasýslan leggur til, gæti leyst einn veigamikinn vanda sem Landsréttarmálið hefur skapað og sparað ríkinu umtalsverðan launakostnað, fari svo að dómaraþrjú fjarir sækja sjálfir um og fái löglega skipun. Skiptar skoðanir eru hins vegar um leiðina meðal stjórnáráðgjafanna og lögfræðinga og hafa þau sjónarmið komið fram að óeðlilegt sé að einstaklingur geti sótt um dómaraembætti við dómstól sem hann er þegar skipaður dómari við. – að

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Steingrímsson skrifar um velferð. **9**

**SPORT** Ísland mætir Andorra í undankeppni EM í kvöld. **10**

**TÍMAMÓT** Hátið er hjá Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni. **12**

**LÍFID** Vefritið Menningarsmyglið boðar byltingu. **18**

**PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Kringlan

Allskonar nýjasta nýtt

**KRINGLUKAST**


**20-50%**

AFSLÁTTUR

Lokadagur



## Veður



S- og A-nátt, víða 8-15 m/s, hvassast sunnan til á landinu. Þurrk að kalla á N- og V-landi, en rigning með köflum annars staðar. Hvessir með kvöldinu. Hiti 2 til 8 stig. **SJÁ SIÐU 14**



Söluferli Íslandsbanka gæti hafist á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Vilja samráð um bankana

**STJÓRN MÁL** Lýðræðisfélagið Alda skorar á stjórnvöld að hafa lýðræðislegt samráð um framtíðarskipan bankakerfisins. Í ályktun sem var samþykkt á aðalfundi félagsins um helgina eru stjórnvöld hvött til að hefja ekki sölu á hlut sínum í Landsbankanum og Íslandsbanka fyrr en að loknu ferli þar sem almenningi verði gefinn kostur á að koma að málum.

» Ríkisstjórnin stefnir á sölu alls eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka og stórum hluta í Landsbanka.

Félagið mælir með því að stjórnvöld efni til borgarabings, láti gera skoðanakannanir og haldi þjóðaratkvæðagreiðslu til að sem ríkið sátt náist um bankakerfið. Íslenska ríkið fer nú með alla eignarhluti í Íslandsbanka og 98,2 prósent hlut í Landsbankanum. Stefna stjórnvalda er að selja allan hlutinn í Íslandsbanka en halda eftir 34-40 prósent hlut í Landsbankanum.

Í skoðanakönnun sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið í lok júlí sögðust rúm 60 prósent vilja að ríkið héldi óbreyttum eignarhlut í bönkunum eða yki hlut sinn. Tæp 40 prósent sögðust vilja að ríkið drægi úr eignarhlut sínum í bönkunum. – sar

## List án landamæra



Hátíðin List án landamæra stendur yfir þessa dagana en um helgina var haldinn listamarkaður í Gerðubergi. Hátíðin, sem leggur áherslu á list fatlaðs fólks, stendur fram til 20. október en hátíðin var fyrst haldin árið 2003 og hefur verið haldin árlega síðan þá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



TF LIF, þyrfa Landhelgisgæslunnar.

## Banaslys varð á Snæfellsnesi

**SLYS** Erlendur ferðamaður lét lífið þegar bíll sem hann var farþegi í lenti út af Snæfellsnesvegi, nærri bænum Gröf við Kleifa, eftir hádegi á laugardag. Fimm voru í bílnum, allt erlendir ferðamenn, og voru fjórir þeirra fluttir með þyrlum á sjúkrahús.

Rannsókn slyssins stendur enn yfir en samkvæmt tilkynningu frá Lögreglunni á Vesturlandi missti ökumaður bílsins stjórn á honum með þeim afleiðingum að hann fór út af veginum, valt nokkrar veltur og endaði á hliðinni. – sar

# Vill stefnumótun um samskipti á íslensku

Fordómar í garð þeirra sem ekki tala íslensku hafa slæm áhrif á viðhorf þeirra sömu til tungumálsins. Framkvæmdastjóri Retor segir íslenskuna ekki erfiðari en önnur tungumál. Fólk þurfi bara sanngjarnt tækifæri til að tala hana.

**SAMFÉLAG** „Fordómar í garð þeirra sem tala ekki íslensku hafa aldrei skilað neinum á námskeið til mín, þvert á móti fær fólk verra viðhorf í garð íslenskunnar ef það mætir fordómum,“ segir Hjalti Ómarsson, framkvæmdastjóri Retor Fræðslu.

Fram kom í helgarviðtali Fréttablaðsins við strætisvagnabílstjóra af erlendu bergi brotna að reglulega geri farþegar athugasemdir við íslenskukunnáttu þeirra og vilji jafnvel ekki eiga í samskiptum við vagnstjóra sem tali ekki íslensku.

Strætó BS er meðal fjölmargra fyrirtækja og stofnana sem bjóða starfsfólki sínu upp á íslenskunámskeið hjá Retor. Hjalti segir íslenskuna sjálfa ekki vera vandamál.

„Ólíkt því sem margir halda þá er íslenska ekkert erfiðara tungumál en önnur. Víkingunum tókst ekkert að búa til eitthvert tungumál sem er einhver óleysanleg lífsgáta,“ segir Hjalti. „Það er ekkert mál að læra íslensku ef fólk fær sanngjarnt tækifæri til að tala hana. Nemendur okkar kvarta mjög yfir því, þegar þeir eru búnir að leggja hart að sér við að læra íslenskuna, að Íslendingar eru fljótir að skipta yfir í ensku án þess að hafa verið beðnir um það. Hvatinn fer mjög hratt þegar fólk grípur alltaf fyrst í enskuna.“

Retor tekur á móti meira en þúsund nemendum á hverju ári, fólk sem fjárfestir og leggur á sig mikla vinnu við að læra tungumálið. „Íslenska er nánast alltaf krafa þegar fólk vill komast upp um þrep eða koma sér í millistjórnenda-stöðu.“

Það er ýmislegt sem gefur til kynna að andúð á útlendingum fyrirfinnist víða á Íslandi og er gagnrýni á íslenskukunnáttu ein



Hjalti segir íslenskuna ekki erfiðari en önnur tungumál. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslendingar eru fljótir að skipta yfir í ensku án þess að hafa verið beðnir um það.

Hjalti Ómarsson, framkvæmdastjóri Retor



eru önnur fimm sem svara, svo eru níutíu prósent sem vilja bara fá að vita hvaða leið er best til að eiga góð samskipti.“

Hjalti kallar eftir því að stjórnvöld móti stefnu um hvernig Íslendingar eigi almennt að bera sig að í samskiptum. „Stefnuleysið gerir það að verkum að fólk grípur frekar í enskuna. Vistkerfi íslenskunnar er í molum og það verður að hjálpa íslenskunni að komast á réttan stað. Það þekkjá allir að tungumálið á undir högg að sækja. Fyrsta skrefið er að gera það að almennt reglu að skipta ekki yfir í ensku þegar báðir aðilar tala íslensku og annar þarf hjálp.“ arib@frettabladid.is

sterkasta birtingarmynd þess. „Þetta e mjög hávær hópur þó að hann sé lítill. Maður sér fyrir sér að þetta séu um fimm prósent, svo

BÓKAÐU  
NÚNA Á  
UU.IS

# Vetrarsól TILBOÐ VIKUNNAR

**KANARÍ VERÐ FRÁ 68.500 KR\*.**

**TENERIFE VERÐ FRÁ 87.900 KR\*.**

\*Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN

EKKI MISSA AF TILBOÐUM, SKRÁÐU ÞIG Í NETKLÚBBINN Á UU.IS

[lindex.is](http://lindex.is)

# Sterkari saman

Bleika armbandið  
2000,-

LINDEX



## FRÉTTABLAÐIÐ IS

**1 Íslenskir veiðimenn rændir í Namibíu** Þrjú Íslendingar sem eru í veiðiferð í Namibíu voru rændir en brotist var inn í hús þeirra og tölva, farsíma og skotvopnum stolið.

**2 Flutti túrtappa til Kairó** vegna bágrar stöðu kvenna Ásta Guðrún Kristjánsdóttir fékk óvenjulega beiðni frá vinkonu sinni þegar hún var á leið í heim-sókn til hennar í Kairó.

**3 Gagnrýndi Perry fyrir löggjöf** hans um samkynja hjónabönd í Texas Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra fundaði með orkumálaráðherra Bandaríkjanna og notaði tækifærið til að ræða málefni samkynhneigðra.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is)



Boris Johnson stendur í ströngu þessa dagana. NORDICPHOTOS/GETTY

## Brexit-viðræður ganga hægt

**BRETLAND** Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, segist sjá fram á að samningar takist um Brexit fyrir lok mánaðarins þegar Bretar eiga að ganga úr ESB. Hann viðurkennir þó að mikil vinna sé enn óunnin.

Johnson mun í vikunni halda á leiðtogafund ESB í Brussel þar sem framtíð samninga um Brexit mun væntanlega ráðast. Breska þingið mun svo koma saman á laugar-daginn og greiða atkvæði um þann samning sem forsætisráðherrann gæti hafa náð í Brussel.

Viðræður fulltrúa ESB og Bretlands eru sagðar ganga hægt og vildi aðalsamningamaður ESB ekki útiloka að þær myndu standa fram yfir leiðtogafundinn. – sar

# Viðurkennir hægagang við framlagningu þingmála

**ALÞINGI** Aðeins ellefu af þeim 29 málum sem ríkisstjórnin hugðist samkvæmt þingmálaskrá leggja fram í september eru fram komin á Alþingi. Þá hafa fimm af 49 málum sem boðuð voru í október verið lögð fram. Að auki hafa verið lögð fram tvö stjórnarmál sem ekki var að finna á þingmálaskrá.

Oddný G. Harðardóttir, þing-

flokksformaður Samfylkingarinnar, segir það áhyggjuefni að þetta sé staðan, aðeins um mánuði eftir að þing var sett og þingmálaskrá lögð fram.

„Það er talað um bætt áætlanagerð, aukin gagnsæi og meiri skilvirkni þingsins. Það hefst ekki með svona vinnubrögðum,“ segir Oddný. Hún veltir fyrir sér hvað sé að gerast

á stjórnarheimilinu sem valdi því að málin komi ekki fram.

„Það vakna pólitískar spurningar um hvort þetta geti verið út af ósætti innan ríkisstjórnarinnar eða hvort málin stoppi í þingflokkinum. Eða hvort vinnubrögðin séu einfaldlega svona léleg.“

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segist ekki kunna skýr-

ingar á þessum hægagangi en þingstubburrinn í haust hafi mögulega ruglað fólk í ríminu. „Við erum að fara hæggar af stað en ég hefði viljað enda stefna ríkisstjórnarinnar að jafna álagðið yfir þingveturinn. Það er þó að rættast úr þessu. Töluvert af málum var afgreitt úr ríkisstjórn á föstudag og von er á fleirum í vikunni,“ segir Katrín. – sar, að

# Meirihluta stjórnar Valitor var skipt út í miðju söluferli

Þremur stjórnarmönnum Valitor, sem er í eigu Arion banka, var skipt út í síðustu viku, meðal annars stjórnarformanninum. Arion hefur stefnt að því að selja félagið að fullu eða að hluta á árinu. Fari Ísland á gráan lista um varnir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka gæti það haft áhrif á söluferlið.

**VIÐSKIPTI** Meirihluta stjórnarmanna Valitor, meðal annars formanni stjórnar, hefur verið skipt út en greiðslumiðlunarfyrtækið, sem er í eigu Arion banka, var sett í formlegt söluferli fyrir á þessu ári.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var gengið frá breytingunum í síðustu viku. Þau Herdís Fjeldsted, varaformaður stjórnar Arion banka og fyrrverandi forstjóri Framtakssjóðs Íslands, Renier Lemmens, stjórnarmaður í Arion sem hefur meðal annars verið forstjóri hjá PayPal og setið í stjórn breska fjárfærni fyrirtækisins Revolut, og Þór Hauksson, sem starfaði áður í fjármálaráðgjöf Deloitte og stýrði fjárfestingum og rekstri félaga hjá Framtakssjóði Íslands, koma ný inn í fimm manna stjórn Valitor.

Á meðal þeirra sem fara út úr í stjórn félagsins er Guðmundur Þorbjörnsson, sem starfar í dag sem framkvæmdastjóri EFLU, en hann hefur setið í stjórninni frá árinu 2010 og gegnt starfi stjórnarformanns undanfarin sex ár. Þá hafa þau Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion banka, og Jónína S. Lárusdóttir, sem lét af störfum sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Arion í síðasta mánuði, einnig hætt í stjórn Valitor.

Greiðslumiðlunarfyrtækið er skilgreint sem eign til sölu í reikningum Arion banka og yfirlýst markmið bankans er að selja félagið að hluta eða fullu. Gert hefur verið ráð fyrir því að niðurstaða fáið í söluferli á þessu ári en bandaríski fjárfestingarbankinn Citi hefur umsjón með söluferlinum.

Áhugasamir fjárfestar höfðu frest til að skila inn óskuldbindandi tilboðum í Valior um miðjan júlí



Valitor var rekið með tæplega 2,8 milljarða króna tapi á fyrstu sex mánuðum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

síðastliðinn en í reikningum Arion banka er Valitor bókfært á 13,2 milljarða króna. Engar upplýsingar hafa fengist hjá Arion um hversu mörg tilboð bárust í Valitor en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa að undanförnu staðið yfir viðræður við nokkra áhugasama fjárfesta.

Fari Ísland á svonefndan gráan lista FATF, sem er alþjóðlegur hópur ríkja um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, eins og fastlega er gert ráð fyrir að verði niðurstaðan síðar í þessum mánuði, gæti það sett strik í reikninginn fyrir söluferlið á Valitor, að sögn þeirra sem þekkja vel til.

Greint var frá því í liðinni viku að sérfræðingahópur FATF teldi að

# 4,7

milljörðum króna nemur uppsafnað tap Valitor á síðustu 18 mánuðum.

enn stæðu út af sex atriði hjá stjórnvöldum sem gætu leitt til þess að umbætur Íslands varðandi aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka verði ekki taldar fullnægjandi. Ísland fer þá á lista yfir svokölluð áhættusöm þriðju lönd þar sem aðgerðaáætlun er í farvegi. Á listanum má finna lönd á borð við

Írak, Afganistan, Jemen og Úganda.

Á síðasta ári nam tap Valitor Holding, sem er með starfsstöðvar á Íslandi, í Danmörku og Bretlandi, um 1,9 milljörðum króna en Valitor hefur ráðist í miklar fjárfestingar samhliða örum vexti í alþjóðlegri starfsemi félagsins. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs varð tæplega 2,8 milljarða króna tap af rekstri Valitor.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, sagðist í viðtali við Markaðinn í síðasta mánuði telja að Valitor hefði verið að „fjárfesta skynsamlega og að fjárfestar muni þá verðmeta það inn í áhuga sinn á félaginu frekar en að horfa á þá fjárfestingu sem sokkinn kostnað“.

[hordur@frettabladid.is](mailto:hordur@frettabladid.is)

isband.is

**40" BREYTTUR MEGA CAB**

**ALVÖRU JEPPASÝNING!**  
**LAUGARDAGINN 19. OKTÓBER**  
**MILLI KL. 12-16**

**FRUMSÝNUM**  
**JEEP. WRANGLER OG RAM 3500 MEÐ 40" BREYTINGUM.**

**EINNIG VERÐUR TIL SÝNIS ÚRVAL BREYTTA JEPPA M.A.**  
**JEEP. GRAND CHEROKEE MEÐ 33" OG 35" BREYTINGUM,**  
**JEEP. WRANGLER MEÐ 35" OG 37" BREYTINGUM**  
**OG RAM PALLBÍLAR MEÐ 35-37" BREYTINGUM.**

**ALVÖRU JEPPAR**  
**MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI.**

**ISBAND**

UMBOÐSADILI RAM TRUCKS OG JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6  
 270 MOSFELLSBÆR S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS  
 OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**  
THERE'S ONLY ONE



**RAM**

# ÞVOTTADAGAR

15-20% AFSLÁTTUR

**AEG**

**AEG**

**AEG**

ÞVOTTAVÉL  
L7FBE840E  
8KG 1400SN  
ÍSLENSKT  
STJÓRNBORÐ  
VERÐ ÁÐUR  
109.900,-  
**VERÐ NÚ**  
93.415,-

914 913 410



**A+++**

916 097 952



916 098 539



ÞURRKARI  
T6DIS724G 7  
KG BARKALAUS

VERÐ ÁÐUR  
109.900,-  
**VERÐ NÚ**  
93.415,-

ÞURRKARI T6DEL821G  
8 KG BARKALAUS

VERÐ ÁÐUR 119.900,-  
**VERÐ NÚ** 101.915,-

MEIRA UM VÖRURNAR Á  
**ORMSSON.IS**

ÞVOTTAVÉLAR  
& ÞURRKARAR



**SAMSUNG**



SAWW70J5486MW/EE

**SAMSUNG**




SADV70M5020KW/EE

**SAMSUNG**



AWW12R640UOM/EE

**SAMSUNG**



SADV80M52102W/EE

ÞVOTTAVÉL  
7KG 1400SN

VERÐ ÁÐUR 74.900,-  
**VERÐ NÚ** 62.915,-

ÞURRKARI  
7KG HVÍT

VERÐ ÁÐUR 104.900,-  
**VERÐ NÚ** 89.915,-

ÞVOTTAVÉL  
8KG 1400SN

VERÐ ÁÐUR 119.900,-  
**VERÐ NÚ** 101.915,-

ÞURRKARI  
7KG BARKALAUS

VERÐ ÁÐUR 124.900,-  
**VERÐ NÚ** 106.165,-

**ÞVOTTADAGAR**

UPPÞVOTTAVÉLAR

HT911 544 015



VERÐ ÁÐUR 109.900,-  
**VERÐ NÚ** 93.415,-

HT911 434 539



VERÐ ÁÐUR 149.900,-  
**VERÐ NÚ** 127.915,-

HT911 444 415



VERÐ ÁÐUR 139.900,-  
**VERÐ NÚ** 118.915,-



UPPÞVOTTAVÉLAR - ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á

**ORMSSON.IS**



\*SENDUM UM LAND ALLT



**ORMSSON**  
Greiðslukjör  
Vaxtalaust  
í allt að 12 mánuði



Opnunartímar:  
Virka daga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-15



**ormsson**

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------



Samtök iðnaðarins voru stærsti eigandi Vottunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## SI losa sig við vottunarstofu

**VIÐSKIPTI** Hluthafar vottunarstofunnar Vottun hf. hafa selt hana starfsmönnum fyrirtækisins. Talsverð vandræði hafa verið á rekstri fyrirtækisins en það missti faggildinguna sína um tíma fyrir tæpu ári.

Samtök iðnaðarins voru stærsti eigandi Vottunar hf. en að auki voru Félag atvinnurekenda, Viðskiptaráð Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Samtök fjármálafyrirtækja í eindahópnum. Þá voru einnig gamlar afturgöngur hrungsins í hluthafahópnum, Alfesca og Burðarás.

Fyrirtækið Vottun hf. var stofnað árið 1991 og hefur aðalstarfsemi þess verið vottun stjórnanarkerfa hjá fyrirtækjum og stofnunum. Á grundvelli faggildingar frá Einkaleyfastofu um þá vottun fékk fyrirtækið undanþágu til þess að veita fyrirtækjum jafnlaunavottun í samræmi við lög þar um. Hóf Vottun þegar að gera samninga við fyrirtæki og stofnanir um slíkar úttektir og ljóst var að um verðmætan markað gæti verið að ræða.

Fyrirtækið hefur átt í talsverðum viðskiptum við hið opinbera en á síðustu mánuðum hafa utanríkisráðgjafar og mennnta og menningarmálaráðgjafar, samgöngu- og sveitastjórnarráðgjafar og dómsráðgjafar hlotið stað-

festingu á jafnlaunavottun sinni frá Vottun.

Rekstur Vottunar hf. hefur ekki verið umsvifamikill undanfarið ár og fyrirtækið hefur verið rekið með tapi ár eftir ár. Þá hafa afskipti eigenda verið lítil sem engin. Þeir vöknúðu síðan upp við vandan draum þegar greint var frá því í fjölmiðlum í nóvember 2018 að Vottun hf. hefði misst faggildinguna hjá Einkaleyfastofu. Það var afar þínleg niðurstaða fyrir fyrirtæki sem hafði það verkefni að leggja dóm á framkvæmd annarra fyrirtækja með vottun að missa sína eigin vottun.

Rétt er þó að taka fram að nokkrum mánuðum síðar fékk Vottun hf. faggildinguna sína aftur viðurkennda og því var aftur kominn grundvöllur fyrir starfsemi.

Talsverð ókyrrð myndaðist í hópi hluthafa enda komu tíðindin um faggildingarmissinn þeim í opna skjöldu. Kom vilji þeirra til þess að losa sig við vandræðabarnið fljótlega í ljós og það á mjög lágu verði.

Niðurstaðan varð sú að selja starfsmönnum Vottunar hf. fyrirtækið. Í þeim hópi eru Kjartan J. Kárasón, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og Davíð Lúðvíks-son úttektarstjóri sem áður var starfsmaður Samtaka iðnaðarins og stjórnarformaður Vottunar. – **ÞÞ**

# Þjóðarleiðtogar beina gagnrýni að Erdogan – tjá sig ekki um Trump

Forseti Frakklands og kanslari Þýskalands fordæmdu í gær hernað Tyrkja í norðurhluta Sýrlands. Ákvörðun Bandaríkjaforseta um að senda herlið sitt heim mætir því helst gagnrýni heima fyrir. Átökin fara enn harðnandi. Um sextiu almennir borgarar hafa farist. Íslamska ríkið sagt sækja í sig veðrið.

**SÝRLAND** Fullkomin ringulreið ríkir nú í Norður-Sýrlandi. Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, ákvað í gær að þúsund manna herlið yrði flutt af svæðinu á allra næstu dögum en í raun er um allt herlið Bandaríkjanna á svæðinu að ræða. Bandaríski varnarmálaráðherra tilkynnti þetta í gær þrátt fyrir að Kúrdar hefðu grátbeidið um aðstoð og embættismenn í Pentagon hefðu undanfarna daga itrekað fullvissað þá um að Bandaríkin myndu ekki yfirgefa bandamenn sína í baráttunni við hryðjuverkasamtökin Íslamska ríkið.

Íslamska ríkið, ISIS, er sagt vera að styrkja stöðu sína á ný en The Guardian greindi frá því í gær að minnst 750 manns með tengsl við hryðjuverkasamtökin hefðu flúið úr fangabúðum á svæðinu frá því að hernaðaraðgerir Tyrkja hófust. Á föstudag bærust fregnir af því að einar búðirnar stæðu í björtu báli en ekki er vitað um örlög þeirra sem þar voru vistaðir. Lítið eftirlit hefur verið haft með fangelsuðum ISIS-liðum undanfarna daga. Hafa kúrdískir fangaverðir ýmist þurft að flýja varðstöður sínar vegna sprengjuregns sem Tyrkir hafa beint að fangelsunum eða kosid að yfirgefa þær til að verjast landhernaði Tyrkja. Fangabúðir eru því óvarðar að mestu og eru hryðjuverkasamtökin sögð njóta þeirrar ringulreiðar sem ríkir á svæðinu.

Hernaður Tyrkja á svæðinu fer enn harðnandi. Á þriðja tug almennra borgara týndu lífi í gær og talið er að um 60 almennir borgarar hafi farist frá því að hernaðaraðgerðir Tyrkja á svæðinu hófust í síðustu viku.

Reuters-fréttastofan greindi frá því í gær að Rússar hefðu haft milligöngu um viðræður sýrlenskra stjórnvalda og Sýrlenska lýðveldis hersins SDF sem Kúrdar leiða. Rússar hafa verið helst bandamenn al-Assad Sýrlandsforseta.

Heimildarmaður tengdur sýrlenskum stjórnvöldum sagði að viðræðurnar, sem fram færu í Damasus, hefðu bæði farið fram fyrir og eftir síðustu hernaðaraðgerðir Tyrkja.

Þótt Donald Trump sæti áfram mikilli og þverpólitískri gagnrýni heima fyrir vegna ákvörðunar sinnar um að kalla herliðið heim



Angela Merkel og Emmanuel Macron í París í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

hafa þjóðarleiðtogar í Evrópu ekki gagnrýnt Bandaríkjastjórn opinberlega og beina gagnrýni sinni að Tyrkjum einum.

Emmanuel Macron, forseti Frakklands, og Angela Merkel, kanslari Þýskalands, fordæmdu hernað Tyrkja á sameiginlegum fundi með blaðamönnum í París í gær. Lýstu þau bæði áhyggjum af uppgangi Íslamska ríkisins í Sýrlandi á ný og alvarlegum afleiðingum sem ófriðurinn gæti haft í Evrópu. Bandaríska dagblaðið The Washington Post vísaði sérstaklega til þess í umfjöllun um fundinn að leiðtogarnir hefðu ekki beint gagnrýni sinni að Bandaríkjastjórn líkt og heimamenn sjálfir gerðu og létu nægja að fordæma Tyrki.

» Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hefur lagt áherslu á að um einhliða aðgerðir Tyrkja sé að ræða.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra ræðir átökin í Sýrlandi á fundi utanríkisráðgjafarinnar í dag en líkt og Merkel og Macron hefur hann lagt áherslu á að um einhliða aðgerðir Tyrkja sé að ræða og hefur ekki viljað beina gagnrýni að Bandaríkjastjórn opinberlega. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

## Lög og réttlæti áfram við stjórnvölinn

**PÓLLAND** Stjórnarflokkurinn Lög og réttlæti hélt velli í þingkosningum sem fram fóru í Póllandi í gær. Samkvæmt útgönguspám fékk flokkurinn 43,6 prósent atkvæða sem nægir til að halda meirihluta á þinginu.

Jaroslav Kaczynski, leiðtogi flokksins, lýsti yfir sigri í ræðu til flokksmanna. Miðað við spánnar fengi Lög og réttlæti 239 þingsæti af 460 á pólska þinginu.

Hópur miðjuflokka, þar á meðal Borgarabandalagið sem Donald Tusk forseti leiðtogaraðs ESB veitti áður forystu, fékk 27,4 prósent samkvæmt spánni. Bandalagi vinstri-flokka var spáð tæplega 12 prósent fylgi.

Lög og réttlæti hefur verið við



Kjörsókn var mun meiri en þegar kosid var 2015. NORDICPHOTOS/GETTY

# 43,6%

atkvæða fékk Lög og réttlæti samkvæmt útgönguspám.

stjórnvölinn frá 2015 en flokkurinn hefur verið gagnrýnn á Evrópusambandið og talað gegn réttindum hinsegin fólks.

Kosningabáttakan var samkvæmt spám tæp 62 prósent sem er tölurverð aukning frá kosningunum 2015 þegar um hún var um 50 prósent. – sar

## SNÍÐANÁMSKEIÐ

ÓKEYPIS

Ótrúlega fljótleg og sniðug aðferð til að laga snið að þínum þörfum.

Lærðu þessa sniðugu aðferð á aðeins einni klukkustund!



- Lærðu að sniða sniðin að þér og þínu ummáli.
- Sjáðu hvernig þetta vesti er gert á met tíma þannig að það passi á einn af þátttakendum námskeiðsins.
- Fyrir byrjendur og lengra komna.
- Engar skuldbindingar.

AÐEINS 5 DAGAR Í REYKJAVÍK

Þriðjudaginn 15 til laugardagssins 19 október

Kennt er kl. 10.00, 13.00 og 17.00  
Laugardagur aðeins 10.00 og 13.00

Mætið snemma, takmarkaður fjöldi! Komið með auglýsinguna og fáðu þrjú snið frítt!



sauma | hátúni 12 | 105 reykjavík | sími 553 5444 | [f/saumarkv](https://www.facebook.com/saumarkv)

# október TILBOÐ

## á H1 rafmagns- borðum



### H1 rafmagnsborð

Flottir og sterkir rafmagnsfætur með minnisstýringu. Á H1 fæturna er hægt að setja 120-160 cm langar plötur. Fæturnir eru til á lager í gráu, svörtu og hvítu.

120x80cm **48.900kr.**

140x80cm **51.900kr.**

160x80cm **54.900kr.**

Borðplötur til á lager í eik, beyki og hvítu. Fætur til í gráu, hvítu og svörtu.

# P90

## með bólstruðu baki

Hægt að stilla bakstuðning. Samhæfð stilling setu og baks. Færanleg seta. Armar fylgja með.

- Sethæð 43-51 cm
- Breidd setu 48 cm
- Dýpt setu 48 cm
- Hentar fólki upp í 192 cm hæð
- 3 ára ábyrgð miðað við 8 tíma setu á dag og að hámarki 110 kg

VERÐ ÁÐUR  
**94.900 kr.**

VERÐ NÚ  
**54.900 kr.**

Sparaðu  
**40%**



# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

Aðili að  
rammasamningi  
Ríkiskaupa



RÍKISKAUP



# Einn maður – eitt atkvæði



Davíð Stefánsson  
david@frettabladid.is

**P**orgerður Katrín Gunnarsdóttir, alþingismaður Viðreisnar, ritaði grein hér í Fréttablaðið í síðustu viku þar sem hún spyr lesendur hvort megi bjóða þeim „heilan kosningarétt eða hálfan“. Það er ástæða til að taka undir þessi skrif hennar.

Þorgerður er einn margra þingmanna sem hafa í gegnum tíðina haldið á lofti því eðlilega og sanngjarna sjónarmiði að jafn kosningaréttur undirstriki grundvallarmannréttindi í íslensku samfélagi, óháð efnahag, kyni eða búsetu. Skynsamlegast sé því að landið allt eigi að verða eitt kjördæmi. Hún minnir jafnframt á að misvægi atkvæða geti ekki og megi ekki verða skiptimynt á hinu pólitíska sviði.

Flest erum við því sammála að jafnræði landsmanna til stjórnmalalegra áhrifa sé mikilvægt grundvallaratriði lýðræðis og borgaralegra réttinda. Þar er lýðræðiskrafan að einn maður þýði eitt atkvæði.

Með því að gera gera landið að einu kjördæmi tókum við út misvægi atkvæða og jöfnuðum næst milli kjósenda. Kosningakerfið verður einfalt og auðskilið og stjórnmalaflokkarnir ættu að fá þingfulltrúa í samræmi við fjölda atkvæða. Líklegra verður að telja að þingmenn vinni fyrir landið allt í þágu heildarhagsmuna fremur en þröngra kjördæmahagsmuna. Það að þingmenn séu allra landsmanna eykur samkennd, skilning, samstarf og yfirsýn.

Í árunna rás hafa ýmsar breytingar verið gerðar á kosningakerfinu til að jafna atkvæðismun eftir landshlutum. Meðal annars með fækkun og stækkun kjördæma. En óréttlætið er enn til staðar.

A þessari vegferð eru margir þröskuldar. Líklegt er að þá takist á hagsmunir veikrar landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins sem sífellt tekur meira til sín með æðflugra miðstjórnarvaldi.

Flest hljótum við að vera sammála um að landsbyggðin eigi undir högg að sækja. Og ýmsir segja að hinum dreifðu byggðum veiti ekki af áhrifum sínum, rödd landsbyggðar muni hljóðna í þjóðmálaumræðunni og áhrif hennar minnka stórlega. Það ætti að hlusta á þessi sjónarmið þótt þessi rök vegi varla þungt gagnvart þeirri mannréttinda- og lýðræðis kröfu sem jafn kosningaréttur er.

Þetta kallar á styrkingu landsbyggðar með ýmsum aðgerðum og skýrri byggðastefnu. Þar er nærtækast að störefla sveitarstjórnarstig. En til þess þarf öflugri og stærri sveitarfélög.

Nýleg viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar sýnir sterkan vilja þjóðarinnar gegn því ranglæti sem felst í misvægi atkvæða. Tveir þriðju vilja jafnt vægi allra atkvæða á landinu. Einungis þriðji hver styður óbreytta kjördæmaskiptingu með sex kjördæmum.

Þetta misvægi atkvæða og kjördæmaskiptingin eru úrelt og tákn gamalla tíma. Stjórnvöld verða að vinna sér í það brýna verkefni að tryggja jafnan kosningarétt, jöfn mannréttindi, allra landsmanna.



Nýleg viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar sýnir sterkan vilja þjóðarinnar gegn því ranglæti sem felst í misvægi atkvæða. Tveir þriðju vilja jafnt vægi allra atkvæða á landinu.

## Halldór



'A ÞESSUM TVEIMUR MYNDUM HEFUR DAGSKRÁRVALDIÐ VERIÐ TEKIÐ MEÐ TJANINGARFRELSIÐ AÐ VOPNI. Í FLÖTU BRAGÐI VIRÐAST ÞVI MYNDIRNAR NÁKVÆMLEGA EINS. EN GETUR ÞÚ SÉÐ EINHVERN MUN?'

## Frá degi til dags

### Hinir skoðanakúguðu

Það voru ófáir skoðanakúgaðir einstaklingar sem grétu af kæti yfir Bakþönkum Óttars Guðmundssonar um helgina. Oftar en ekki eru þetta þeir sem fatta ekki að garg, fordæmingar og like-samkeppnir á samskiptamiðlum eru einfaldlega dægurdvöl fyrir marga. Engin dæmi eru um að netfordæmandi vilji taka símtal um sínar netblammeringar. Fyrir utan að þeir skoðanakúguðu eiga það sjálfir til að móðgast illa þegar einhver fer að ræða rökleysur í trúarbrögðum þeirra eða hvers vegna þeir fái hærri laun en fólk í erfidari og mikilvægari störfum. Hvað þá þegar einhver talar um Gretu Thunberg eða veganisma.

### Sniðganga?

Illugi Jökulsson stingur upp á því að Íslendingar sniðgangi fótboltaleikinn við Tyrkland til að sýna samstöðu með Kúrdum. Leikurinn á að fara fram í Tyrklandi eftir sléttan mánuð og gæti ráðið úrslitum um EM-drauminn. Illugi hefur greinilega ekki fengið memóið því það er ekki svona sem við Íslendingar tæklum hluti. Ef það á að sýna samstöðu þá tókum við upp Kúrdafána á vellinum. Jafnvel fáum Tólfuna til að tromma upp nokkra Kúrdatakta. Svo er bara að bíða og sjá hvernig landsliðinu muni ganga að komast í gegnum öryggisleitina á flugvellinum. arib@frettabladid.is

## Fruman sem varð fullorðin



Silja Dögg Gunnarsdóttir  
Þingmaður Framsóknarflokksins

**B**örnum eiga að vera tryggð mannréttindi með lögum, en svo er ekki í öllum tilfellum. Kynfrumugjafi getur í dag óskað eftir nafnleynd og börn hafa því ekki sjálfstæðan rétt til að vita um líffræðilegan uppruna sinn. Uppfæra þarf íslensk lög svo réttindi barna verði tryggð til að þekkja uppruna sinn, ef þau óska þess.

Nú eru til sýninga á Stöð 2 þættir sem heita Leitir að upprunum. Þar eru sjónvarpsáhorfendur kynntir fyrir fólki sem leitir að líffræðilegum foreldrum sínum. Í þáttunum fær áhorfandinn innsýn í hversu djúpstæð þráin eftir því að finna líffræðilegan skyldleika getur verið. Þeir sem getnir eru með tæknifrjövgun með aðstoð kynfrumugjafa, kunna að hafa sömu þrá eftir því að þekkja uppruna sinn og einnig vilja til að fá vitneskju um arfgenga sjúkdóma.

### Nágrannaríkin komin lengra

Tæknifrjövganir eru nýtt fyrirbæri í sögulegu samhengi. Því hefur umræðan um kynfrumugjafir ekki verið áberandi í íslenskrum umræðu. Rökin sem færð hafa verið fyrir því að leyfa nafnleynd kynfrumugjafa hafa til dæmis verið þau að ef nafnleynd yrði afnumin væri ólíklegra að fólk gæfi kynfrumur til tæknifrjövgunar og fólk sem þyrfti á þjónustunni að halda hefði því ekki aðgengi að henni vegna ónógs framboðs. Trompar lögmálið um framboð og eftirspurn á kynfrumum réttindi barns til að þekkja uppruna sinn? Ég tel svo ekki vera. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna varð fullgildur árið 1992 og lögfestur 2013. Í sáttmálanum felst viðurkenning á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi óháð réttindum fullorðinna.

Það er tími til kominn að löggjafinn hér fylgi fordæmi nágrannaríkja okkar og tryggi réttindi allra barna á Íslandi til að þekkja uppruna sinn. Undirrituð hefur lagt fram tillögu ásamt fleiri þingmönnum, um að dómsmálaráðherra setji slíka vinnu af stað og að frumvarp verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í janúar 2020.



Það er tími til kominn að löggjafinn hér fylgi fordæmi nágrannaríkja okkar og tryggi réttindi allra barna á Íslandi til að þekkja uppruna sinn.

**Réttur mánaðarins**

**LAMB Í KARRISÓSU**

**Foreldað**  
Aðeins að hita

**1.998 kr./stk.**

Bónus Lambakjöt í karrisósu  
1 kg - Verð áður 2.298 kr.

**BONUS** **EKKERT BRUÐL**



# Fjölskyldur redða ríkinu

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

**A** einhverjum tímapunkti á lífsleiðinni mun ég líklega ekki geta klætt mig í sokka. Enn sem komið er á ég ekki í vandræðum með þessa mikilvægu iðju. Ég reyni meira að segja að temja mér þá venju að fara í sokka standandi á einum fæti. Þannig þjálfar ég jafnvægisþyngni í leiðinni. Í kollinum hef ég komið mér upp plani varðandi það hvað gera skuli daginn sem ég dett í fyrsta skipti við svona sokkaaðgerð. Sú bylta verður án efa aumingjaleg. Lág stuna. Dynkur. Mikilvægt verður að halda andliti. Detti ég hef ég því ákveðið — verði einhver vitni — að ég muni umsvifalaust taka armbeygjur. Þar með mun líta út fyrir að vera mín á gólfinu hafi tilgang.

Vaxandi stíðleika mun gæta. Aldurinn færast yfir. Mikið afskaplega má maður vera þakklátur fyrir hvern þann dag sem maður býr við fulla heilsu. En svo mun koma að því. Maður getur ekki hluti. Kannski lendir maður í slysi einhvern tímann og verður meira eða minna alveg upp á aðra kominn. Slíkt hendir. Þá blasir spurningin við:

Hvað gerist? Verður mér sinnt?

## Niu prósent

Á dögunum kom út skýrsla á vegum Eurostat. Hún staðfestir illan grun. Í ljós kom að á Íslandi er það fyrirkomulag algengast í Evrópu, að aðstandendur séu látnir sjá um að aðstoða fólk sem þarf umönnun. Hið opinbera, sem á að sjá um velferðarkerfið fyrir skattfé, veltir ábyrgðinni samviskulaust á fjölskyldur landsins. Um 9% uppkominnna Íslendinga verja drjúgum hluta af tíma

sínum í að sinna ættingjum sem þurfa umönnun. Þetta geta til dæmis verið aldraðir foreldrar, langveiki börn eða fólk með fötlun. Á Norðurlöndum er þetta hlutfall að meðaltali 3%. Þessi svakalegi munur sýnir svart á hvítu hvernig velferðarkerfið er í grundvallaratriðum öðruvísi rekið hér en annars staðar á Norðurlöndum. Á meðan spekingar rökraða hér af listfengi nánast endalaust um það hvort velferðarkerfið eigi að vera ríkisrekið eða einkarekið hefur raunveruleikinn sinn gang. Einhver þarf jú að sinna fólkinu. Velferðarkerfið er því að stórum hluta fjölskyldurekið. Aðstandendum rennur blóðið til skyldunnar. Þeir sjá um að sinna þörfinni sem hið opinbera hundsar.

## Íslenska leiðin

Svona er hægt að nýta ást og kærleika nákominnna til að spara fé í ráðuneytum. Excelskjöl með vaktaplönum systkina — við umönnun aldraðra foreldra — hanga á ísskápum. Eiginmanni er gefið frí einu sinni í viku við umönnun eiginkonu með Alzheimer. Á laugardögum taka börnin keflið. Móðir gefur vinnuna upp á bátinn til að sinna langveiku barni. Öldruð bakveik eiginkona kemur eiginmanni sínum á klósettið. Þrekvirkir eru unnin á hverjum degi.

Er þetta ekki módel sem Íslendingar mættu stæra sig meira af? Er ekki lag að flytja út þessa tegund af velferðarkerfi? Á Íslandi eru aðstandendur undir mestu álagi allra í Evrópu. Heyra má fyrir sér hvernig setningin gæti hljómað á alþjóðlegri ráðstefnu um velferðarmál: „In Iceland we are proud



to have built a welfare system that puts a large portion of the care responsibilities on the shoulders of relatives.“

Þetta, ásamt árangri í kynjajafnrétti og nýtingu sjálfbærra orkuauðlinda, skilgreinir auðvitað hina miklu fyrirmyndarstöðu Íslendinga í samfélagi þjóðanna.

## Meðvituð stefna

Á sumum sviðum ríkir þónokkur sátt um það að fólk í landinu, í sjálfboðaliðastarfi eða í gegnum skipulögð samtök, sjái um mikilvæga starfsemi. Þjörgunarsveitirnar eru dæmi um þetta. Áfengis meðferðir líka. Hins vegar held ég að það megi óhikað fullyrða að það fyrirkomulag að aðstandendur sjái um velferðarkerfið að stórum hluta sé fullkomlega órátt og um það ríki engin sátt.

Það er þó útlit fyrir að þetta sé meðvituð stefna. Nú síðast rataði í fréttir að fötluð börn eigi helst ekki að fá notendastýrða persónulega aðstoð. Ekki er til fé, er sagt. En hver er þá þælingin?

Eiga börnin að sjá um sig sjálf? Eiga þau að éta það sem úti frýs?

Nei. Aðstandendur redða. Af sjónarhóli kerfis sem er upptekið við að sóa peningum í alls konar dót eins og misheppnað íbúðabrask eða kola- og peningabrennandi stóriðju koma aðstandendur sterkir inn þegar svona mál eins og umönnun þurfa fólk er annars vegar.

Bingó. Fyrst þessi aðferð kemur svona vel til greina í velferðarkerfinu má spyrja sig hvers vegna þetta er þá ekki gert á fleiri sviðum. Leggja mætti niður leikskólana. Mamma og pabbi redða. Til hvers að hafa lögreglu? Nágrannavakt er feykinóg. Leggja má niður sorphirðu. Fólk getur farið með tunnurnar sjálf.

Þetta yrði skilvirkt þjóðfélag eða hitt þó heldur. Allir á flandri við að redða. Fólk býið á því. Útkeyrt verður það fyrir að öryrkjum sjálf. En hvaða máli skiptir það? Það verða alltaf til ferskir aðstandendur. Það er snilldin. Þeir munu alltaf hlaupa til.



Á meðan spekingar rökraða hér af listfengi nánast endalaust um það hvort velferðarkerfið eigi að vera ríkisrekið eða einkarekið hefur raunveruleikinn sinn gang.

## Subaru Forester

Gerður til að kanna  
ætlaður til að ferðast



SUBARU

Confidence in Motion

### 94% ökumanna finnst þeir öruggari með EyeSight tækni

Þú fyllist hugarró þegar þú veist að billinn þinn skerast í leik og aðstoðar þig við að koma í veg fyrir árekstur. Varar þig við þegar aðvísandi ökutæki er á blinda punktinum. Og gerir þér kleift að leggja bílnum áreynslulaust í þröngt staði með aðstoð myndavélar sem sýnir nálægð við gangstéttarbrún. EyeSight er staðalbúnaður í öllum Subaru Forester.

www.subaru.is

Komdu til okkar og reynsluaktu nýjum Subaru Forester

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





Eric Hamrén sagði í gær að ástandið á hópnum væri gott eftir mikil hlaup gegn Frökkum. Samúel Kári Friðjónsson, hér lengst til vinstri, æfði þó ekki í gær vegna veikinda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Skyldusigur gegn Andorra í kvöld

Andorra vann sinn fyrsta leik í undankeppni EM á föstudaginn. Liðið hafði áður tapað öllum 56 leikjum sínum í undankeppni EM. Ísland mun verða mikið með boltann í kvöld og gárungarnir tala um skyldusigur þótt Eric Hamrén vilji ekki taka svo djúpt í árinna.

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Eric Hamrén sagði í gær að verkefni dagsins gegn Andorra gæti vart verið ólíkara viðureigninni við Frakka. Örlítil Eurovision-hugsun er í gangi fyrir leikinn – það búast allir við sigri okkar liðs. Hamrén talaði þó varlega á blaðamannafundi í gær og minnti á að Andorramenn hefðu verið, að hans mati, góðir gegn Frökkum og Tyrkjum. „Ég hreifst af því hvernig þeir spiluðu í Tyrklandi og Frakklandi og við búumst við erfiðum leik. Þeir vinna vel sem lið og verjast vel, það er styrkleiki þeirra. Þeir eru hættulegir í skyndisóknum og í föstum leikatriðum. Þeir gera liðunum sem mæta þeim erfitt fyrir. Þetta er allt öðruvísi leikur en gegn Frökkum en risastór áskorun,“ sagði landsliðsþjálfarinn.

Með honum á fundinum í gær var Alfreð Finnbogason sem er að stíga upp úr meiðslum og byrjaði á bekknum gegn Frökkum. Hann var ósáttur við að byrja ekki leikinn en virti þó ákvörðun þjálfarans. „Maður er alltaf ósáttur ef maður byrjar ekki. Það mun aldrei breytast hvort sem ég spila með landsliði eða félagsliði. Erik taldi þetta vera besta liðið fyrir þennan leik og ég virði þá ákvörðun þó að ég sé ekki sammála henni,“ sagði Alfreð.

Hann bætti því við að það að missa Jóhann Berg væri ekki aðeins persónulegur missir fyrir sig því hann er núna einn í herbergi heldur sé Jóhann ákaflega mikilvægur hlekkur í liðinu. „Án þess að vanvirða aðra leikmenn þá getur hann gert hluti með boltann sem ekki margir hjá okkur geta. Hann



Liðin hafa mæst sex sinnum og alltaf hefur Ísland unnið. Markatalan er 16-0. Þessi mynd er frá árinu 2010 þegar Ísland vann 4-0. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

●● Þetta verður þolinmæðisverk en við gerum þær kröfur að við eigum að klára þá á heimavelli.

Alfreð Finnbogason

sem persóna er líka mikilvægur fyrir liðið. Vonandi fær hann tíma til að koma sér almennilega í gang. Hann er eflaust ekki ánægður. Hann hefur verið mikið meiddur síðustu ár og oft í kringum landsleiki. Þetta er mikill missir fyrir okkur.“

Alfreð talaði einnig um muninn á leikjunum tveimur og sagði að gegn Frökkum hefði Ísland verið

lítið með boltann en nú myndi dæmið snúast við. „Andorra hefur að meðaltali verið 25 prósent með boltann svo við gerum ráð fyrir því að við verðum 70-80 prósent með boltann. Þá reynir á aðra eiginleika í okkar leik. Að það sé tempó í sendingum og að við stjórnum tempóinu í leiknum.“

Hann bætti við að íslenska liðið mætti ekki láta Andorramenn taka sig á taugum. Moldóvar hafi misst sig gegn þeim og fengið rautt spjald. „Andorramenn eru sérfræðingar í að pirra andstæðinginn eins og sást í útileiknum. Við sáum á klippum í gær að þetta eru sömu klippur og í mars. Þeir hafa ekki breytt um leikstíl.“

Það sé alltaf erfitt að spila á móti

tíu manna blokk. Frakkar og Tyrkir hafi átt erfitt með að brjóta þá á bak aftur.

„Við gerum þá kröfu að við klár- um svona leiki, komum boltanum inn í teig og klárum þær stöður. Þetta verður þolinmæðisverk en við gerum þær kröfur að við eigum að klára þá á heimavelli,“ sagði Alfreð.

Andorra verði seint sakað um að spila skemmtilegan fótbolta. Þeir brjóta mikið af sér og pirra andstæðinga sína. Í síðasta leik gegn Moldóvum braut liðið af sér 25 sinnum sem er nánast lygileg tölfræði.

Ísland þarf að sigrast Andorra og þarf reyndar að vinna alla leikina sem eftir eru, gegn Moldóvum og Tyrkjum, og treysta á að Frakkar vinni Tyrki. Ef sá leikur endar í jafntefli dugur Frökkum að vinna Moldóva á heimavelli eða Albana á útilelli og Tyrkjum dugur að vinna Andorramenn í lokaumferðinni. Ef Tyrkir vinna þá mega heimsmeistararnir aðeins fá eitt stig gegn Moldóvu og Albaníu eða að Tyrkland tapi bæði fyrir Íslandi og Andorra. Nái Ísland ekki efstu tveimur sætum fer liðið líklega í fjögurra liða umspil í lok mars um eitt laust sæti á EM.

Ísland og Andorra hafa mæst sex sinnum í undankeppni fyrir stórmót og hefur Ísland alltaf unnið. Markatalan er 16-0 en stærsti sigurinn kom árið 2010 þegar Ísland vann 4-0. Þá skoraði Heiðar Helguson tvö mörk, Veigar Páll Gunnarsson eitt og Kolbeinn Sigþórsson eitt.

Andorra hafði fyrir föstudaginn tapað öllum sínum 56 leikjum í undankeppni EM síðan liðið hóf

## Birkir inn?

